

## 8. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 12. september kl. 15.15

**Mætt voru:** Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Þóra Hjaltadóttir, Valgerður Jónsdóttir, Margrét Marvinsdóttir og Brynjólfur Ingvarsson. *Þórunn Smúgjóns*

Forföll boðuðu Karl Erlendsson, Margrét Alfreðsdóttir og Fjóla Sigurðardóttir.

### Dagskrá:

#### 1. Sex mánaða uppgjör á reikningum félagsins.

Karl Guðmundsson gjaldkeri lagði fram samantekt 6 mánaða uppgjors reikninga félagsins.

#### 2. ÍBA 60 +

Beðið er eftir svari hvort verkefnið um lífsgæðakjarnann verður valið styrkhæft hjá Drift.

#### 3. Bugðusíða 1.

Beðið er eftir svörum varðandi húsnæði fyrir félagið.

#### 4. Íbúðir fyrir aldraða.

A. **Þursaholt.** Verið er að íhuga hvort EBAK geti óskað eftir tveimur lóðum fyrir tvær blokkir sem verði byggðar af óhagnaðardrifnu byggingarfélagi. Heilsuvernd hefur áhuga á að byggja hjúkrunarheimili við Þursaholt en ekki er komið leyfi fyrir því.

B. **Tjaldsvæðisreiturinn.** Lögð voru fram drög að bréfi til skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar frá stjórn EBAK, þar sem félagið óskar eftir að tryggt verði að á reitnum verði byggðar u.þ.b. 50 íbúðir ætlaðar fólki 60 ára og eldri. Félagið hyggst ekki sjálft byggja íbúðirnar heldur hafa samvinnu við byggingaraðila þar um. Samþykkt var að senda þetta bréf.

#### 5. Sagt frá fundi með stjórn og nefndum félagsins, sem fram fór 5. september.

Góður fundur og gott spjall. Áhugi er á því að fjölga bekkjum í Kjarnaskógi, en þar gengur fjöldi eldri borgara bæði í hópum og með sjálfum sér. En skortur er á bekkjum til að tylla sér á. Fulltrúar innan stjórnar munu vinna að þessari hugmynd í vetur í samráði við skógarmenn og félagasamtök.

#### 6. Farið var yfir samþykktir og starfslýsingar stjórnar og nefnda.

Verður skoðað aftur og lokið við tillögur að breytingum á næsta fundi.

#### 7. Tillaga um félagsfund í nóvember.

Tillaga er um að félagsfundur EBAK verði haldinn þ. 20. nóvember n.k., reyna á að fá Brekkuskóla.

*Þórunn Smúgjóns* *K.G.*  
*Valgerður Jónsdóttir* *M.H.* *M.H.M.*



**8. Sagt frá fundi kjaranefndar félagsins.**

Björn greindi frá að þ. 23. október verður fundur með kjaranefnd og bæjarfulltrúum á Akureyri. Þar mun Karl Erlendsson formaður fara yfir samskipti félagsins við Akureyrarbæ, framsöguverindi verða frá bæjarfulltrúum og Hallgrími Gíslasyni, frá EBAK.

**9. Kjaranefnd LEB.**

Björn fer með fulltrúum kjaranefndar LEB á nokkra staði á landinu í október og nóvember. Verður á Akureyri þ. 10. október.

**10. Önnur mál.**

a. Þóra Hjaltadóttir sagði frá húsnæðisnefnd LEB

b. Húsnæðisnefnd EBAK

Áhugi er fyrir að fá húsnæðisnefnd EBAK á næsta fund stjórnar.

c. Þóra sagði frá væntanlegum fundi með fulltrúum í öldungaráðum landsins, stjórn LEB og fulltrúum frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17. Valgerður Jónsdóttir ritari.

Karl Erlendsson  
Björn Sögar  
Jónína  
Valg. Jónsd.  
Jóna Halladóttir  
Margrjet & Marvins d.